



FLE fréttir

3. september 2024

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 6 / 2024



Kæru félagsmenn,

Það hefur verið nóg um að vera hjá okkur á skrifstofunni nú eftir sumarfrí. Við erum t.d. byrjuð að skoða hvaða valkostir eru í boði fyrir afmælisferð erlendis á næsta ári þegar félagið verður 90 ára en þá verða sjö ár liðin frá vel heppnaðri ferð til Brussel.

Við vinnum markvisst að því þessi misserin að auka sýnileika félagsins, bæði gagnvart félagsmönnum og almenningi. Það er sérstaklega mikilvægt að ná til unga fólksins og fá það til að velja sér endurskoðun sem framtíðar starfsvettvang enda er nýliðun í stéttinni of lítil. Við munum því halda áfram að fara í heimsóknir í háskóla og nýta samfélagsmiðla af krafti til að dreifa fréttum, greinum og öðru til að kynna stéttina. Við minnum á að FLE er á Facebook, LinkedIn og Instagram. Sem fyrr hvetjum við félagsmenn til að deila því efni sem við setjum á samfélagsmiðla.

Við erum dugleg við að uppfæra heimasíðu félagsins og hvetjum ykkur til að kíkja reglulega á [www.fle.is](#) Sem dæmi má nefna tíu fréttir og greinar á heimasíðunni í ágúst. Það er því engin „gúrkuði“ hjá okkur.

Í haust munum við bjóða upp á mörg námskeið og aðra viðburði. Má þar nefna þrjú námskeið í september, ásamt gleðistund í lok reikningsskiladags þann 20. september. Það er því nóg að gera við undirbúning viðburða, mönnun nefnda fyrir næsta ár og fréttu- og greinaskrif, svo eitthvað sé nefnt til viðbótar við hefðbundin skrifstofustörf og umsýslu.

Ársfundur Norræna endurskoðunarsambandsins var haldinn í Stavanger í Noregi um miðjan ágúst. Megin umfjöllunarefni fundarins var sjálfbærni og tæknibreytingar, ekki síst líkleg áhrif gervigreindar á störf endurskoðenda. Framkvæmdastjóri og formaður sóttu fundinn fyrir hönd FLE. Í frétt á heimasíðunni er að finna nánari umfjöllun um fundinn.

Að lokum viljum við nefna að þið eruð alltaf velkomin til okkar í heimsókn. Það er mikilvægt fyrir okkur að fá endurgjöf frá félagsmönnum um hvað félagið geri vel og hvað mætti betur fara. Það er t.d. alveg þrýðilegt að byrja vinnudaginn á því að mæta til okkar og fá kaffisopa (og súkkulaði, við þössum vel upp á það að þær birgðir klárast ekki). Fyrir þá sem ekki vita þá er skrifstofa FLE á 5. hæð að Suðurlandsbraut 6.

Bestu kveðjur,

Unnar og Sirrý

Skilafrestir og framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo

Í [frétt](#) á heimasíðunni er að finna umfjöllun um skilafresti og í því sambandi skilyrði Creditinfo fyrir því að komast á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki.

Margir á leið í löggildingarpróf

[Löggildingarpróf verða haldin í október](#). Líkt og undanfarin ár eru prófin tvö, annars vegar próf í endurskoðun og reikningsskilum en hins vegar próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhalda og stjórnendareikningsskilum.

Það eru 35 einstaklingar skráðir í próf. Af þeim eru tólf að fara í bæði prófin en 23 í annað hvort þeirra. All margir þeirra prófmanna sem taka annað prófið núna hafa þegar klárað hitt prófið. Við óskum prófmönnum góðs gengis og vonumst að sjálfsögðu eftir því að fá marga nýja löggilta endurskoðendur í félagið fyrir árslok.

Félagsmaðurinn

Félagsmaðurinn er að þessu sinni Eymundur Sveinn Einarsson en hann er einn af eigendum stofunnar Endurskoðun og ráðgjöf ehf. Eymundur var einungis 16 ára þegar hann fékk sumarstarf við bókhalda og uppgjör og hugmyndinni um að verða endurskoðandi var laumað að honum (talandi um að ná til unga fólksins). Viðtalið við Eymund má nálgast [hér](#).

Skoðað í skjalaskápinn

Eitt af hagsmunamálum félagsins varðar skilafresti á framtölum og ársreikningum og flest höfum við glímt við mikið vinnuálag þegar líður að frestslokum. Vandamál við að ná að klára ársreikninga og framtöl innan frests er ekki nýtt af nálinni. Í skjalaskápnnum fundum við [bréf frá félaginu](#) til skattstjóra frá árinu 1948 sem varðar framtalsfresti.

Ný útgáfa handbókar Alþjóðlega staðlaráðsins IASSB

Þann 29. ágúst gaf Alþjóða staðlaráðið (e. International Auditing and Assurance Standards Board, IASSB) út 2023 – 2024 útgáfu handbókar sinnar. [Hér](#) er hægt að nálgast pdf. útgáfu handbókarinnar án endurgjalds. Handbókin er nú í fyrsta sinn í fjórum bindum sem ætlað er að auðvelda lesendum að finna það sem leitað er að. Bókin inniheldur m.a. alla alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana, þar á meðal nýlegan staðal um endurskoðun einfaldari fyrirtækja og staðla sem lúta að gæðamálum, staðfestingarverkefnum og mörgu öðru.

Ársfundur Norræna endurskoðunarsambandsins

Ársfundur Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) var haldinn í Stavanger í Noregi í ágúst, sjá nánar [hér](#).

Leiðbeiningar um staðfestingu sjálfbærniupplýsinga

Á heimasíðu er að finna umfjöllun [um drög að leiðbeiningum um staðfestingu sjálfbærniupplýsinga](#) sem gefin voru út í sumar. Leiðbeiningarnar eru ekki bindandi en þeim er ætlað að brúa bilið meðan ekki er búið að innleiða staðal (eða staðla) um staðfestingu sjálfbærniupplýsinga og stuðla að samræmi í vinnu og áritun staðfestingaraðila. Drögin má nálgast [hér](#).

Fréttabréf Accountancy Europe

Evrópusamband endurskoðenda (Accountancy Europe) gefur reglulega út ýmis konar fréttabréf. Eitt þeirra nefnist [audit policy update](#). Í því nýjasta kennir ýmissa grasa. Þar er meðal annars að finna [ábendingar](#) sambandsins við fyrirhugaðan endurbættan staðal IAASB um ábyrgð endurskoðanda í tengslum við sviksemi þegar kemur að endurskoðun ársreikninga: [ISA 240 \(revised\)](#).

Staðfesting sjálfbærnisráðsins

Margrét Pétursdóttir er mjög ötul við greinaskrif. Nýjustu grein hennar er að finna á heimasíðu okkar. Þar fjallar hún með ítarlegum og góðum hætti um [staðfestingu sjálfbærnisráðsins](#).

Ný lög um gervigreind

Gervigreind kemur án vafa til með að hafa mikil áhrif á störf endurskoðenda á næstu árum. Regluverk tengt gervigreind skiptir okkur því máli. Því er vert að benda á nýbirta [reglugerð \(ESB\) 2024/1689](#) Evrópuþingsins. Reglugerðin er í rýni hjá EFTA EES ríkjunum á vettvangi EFTA samstarfsins. Hægt er að fylgjast með framvindu þess ferlis [hér](#).

Meistaraprófsritgerð um IFRS 16

IFRS 16 *Leigusamningar* tók gildi í upphafi árs 2019. Við innleiðingu staðalsins komu upp ýmis erfið úrlausnarefni og það sem virtist einfalt við fyrstu sýn reyndist ansi snúið þegar á reyndi.

Í júní síðastliðnum luku þeir Gylfi Geir Gylfason og Þorkell Már Einarsson meistaraprófi í reikningsskilum og endurskoðun. [Lokaritgerð](#) þeirra fjallaði um áhrif og innleiðingu staðalsins. Á heimasíðunni er að finna [frétt](#) um rannsókn þeirra og helstu niðurstöður. Félagið óskar þeim Gylfa Geir og Þorkeli Má til hamingju með útskriftina.

Félagslíf

[Gleðistund](#)

Næsti viðburður sem tengist félagslífi er árleg gleðistund sem haldin verður eftir að reikningsskiladeginum lýkur þann 20. september og vonumst við til að sjá sem flesta félagsmenn. Hægt er að skrá sig til leiks [hér](#).

[Vætanlegt í bíó](#)

Fyrir tæpum áratug skelltu félagsmenn sér saman á forsyningu myndarinnar *the Accountant*. Okkur til mikillar ánægju er nú von á framhaldi því *the Accountant II* er vætanleg í apríl á næsta ári. Það er vonandi að sú mynd rati í bíóhús og þá endurtökum við að sjálfsgöðu leikinn og förum öll saman. Stiklu úr *the Accountant II* má finna [hér](#).

Það er mikilvægt að við félagsmenn hittumst reglulega og því eru allar hugmyndir er lúta að félagslífi vel þegnar.

Viðburðir í september

Félagið verður með þrjú viðburði í september auk gleðistundar í lok reikningsskiladags og félagsfundar þar sem lagðar verða fram til samþykktar tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

10. september: [Yfirferð löggildingarprófa 2023](#)

Námskeiðið gefur 5,0 endurmenntunareiningar sem skiptast í þrjú flokka. Námskeiðið verður á Grand hóteli frá kl. 12:30 til 17:30 (ekki í streymi). Hægt er að lesa nánar um námskeiðið og skrá sig [hér](#).

19. september: [Niðurstöður gæðaeftirlits](#)

Námskeiðið gefur 2,0 endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun. Námskeiðið verður á Grand hóteli frá kl. 13:00 til 15:00 en einnig verður boðið upp á streymi. Hægt er að lesa nánar um námskeiðið og skrá sig [hér](#).

FLE fréttir, 3. september 2024

Bls. 5

20. september: Reikningsskiladagur og gleðistund

Árlegur reikningsskiladagur verður á Grand hóteli en jafnframt verður boðið upp á streymi. Í lok reikningsskiladags verður svo gleðistund. Nánari dagskrá verður auglýst á næstu dögum.

Félagsfundur – 19. september

Breytingar á samþykktum félagsins, fundarboð með breytingartillögum verður sent félagsmönnum fljótlega. Félagfundurinn verður haldinn á Grand hóteli.

Fyrri fréttabréf

[FLE fréttir 12. júlí 2024](#)

[FLE fréttir 10. maí 2024](#)

[FLE fréttir 27. mars 2024](#)

[FLE fréttir 23. febrúar 2024](#)

[FLE fréttir 2. febrúar 2024](#)

Greinar á heimasíðu

Áhugaverðar greinar sem hafa verið birtar á heimasíðu félagsins sem við hvetjum félagsmenn til að lesa og deila áfram á samfélagsmiðlum.

[Staðfestingar sjálfbærnisráðs](#)

[Hlutverk endurskoðunarnefnda í sjálfbærnisráði fyrirtækja](#)

[Er sjálfbærnisráðið tæk til staðfestingar?](#)

[Gjafir og glens að mati ríkisskattstjóra](#)

[Flokkunarreglugerð ESB](#)

[Tvíbætt mikilvægismat](#)

[Sjálfbærnisráðið Evrópusambandsins \(ESRS\) í hnotskurn](#)

Liðnir viðburðir á árinu

Golfkennsla í Básam – 10. ágúst

Endurskoðunardagur FLE – 24. maí 2024

FLE fréttir, 3. september 2024

Bls. 6

Kaupréttarsamningar – 23. maí 2024

Tiltektardagur í Reykjadal – 16. maí 2024

Efnahagsbrot og spilling, birtingarmyndir og varnir – 3. maí 2024

Morgunkorn – skýrleiki og skattframkvæmd – 18. apríl 2024

Morgunkorn um löggildingarprófin – 21. mars 2024

Morgunkorn – Mun ný tegund gervigreindar gjörbylta endurskoðun og bókhaldi? – 7. mars 2024

Skattadagur FLE – 26. janúar 2024

Er ekki tími til kominn að tengja? – 25. janúar 2024
